

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 12. júní kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 777.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Ólafur Melsted, Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Haukur Hafliði Nínuson og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Einimelur 10, (fsp) stækkun húss** (01.526.2) Mál nr. SN200336
Skjalnr. 14277
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
061274-4219 Einar Baldvin Árnason, Einimelur 10, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 29. maí 2020 ásamt bréfi dags. 29. maí 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 10 við Einimel sem felst í að byggja hæð ofan á bílskúr sem áfastur er við húsið, samkvæmt tillögu Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 26. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunnar dags. 18. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 samþykkt.
- Grensásvegur 22, Viðbygging - breyting 2. hæð** (18.012.15) Mál nr. BN057654
Skjalnr. 12978
670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 2. hæð og bæta við glugga til austurs, og byggja einnar hæða viðbyggingu, gangrými, sem tengir saman hús á lóðum nr. 24 - 26 við skrifstofu- og verslunarhús á lóð nr. 22 við Grensásveg.
Stækkun: 16.1 ferm., 46.4 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda húss nr. 22-26, dags. 11. maí 2020. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Kjalarnes, Leiruvegur 2 og 4, (fsp) uppmæling** (00.026) Mál nr. SN200351
Skjalnr. 10242
290157-3239 Kristinn Hannesson, Leiruvegur 4, 162
Lögð fram fyrirspurn Kristins Hannessonar dags. 4. júní 2020 um uppmælingu á landinu að Leiruvegi 2 og 4 á Kjalarnesi, samkvæmt mæliblaði dags. 29. maí 2020 þar sem sýnd eru ný hnitakerfi.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Laugalækur og Hrístateigur,** (01.34) Mál nr. SN200287
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 6444
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerðar á gatnamótum Laugalækjar og Hrístateigs, niðursetningu djúpgáma í Hrístateig og endurnýjun lagna og niðursetningu nýrra lagna. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. apríl 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
5. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á** (34.2) Mál nr. SN190542
deiliskipulagi - R19070109 Skjalnr. 10184
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst helst að skipulögð er um 5 hektara lóð fyrir Malbikunarstöðina Höfða þar sem fyrirtækið hyggst starfsemi sína á Esjumela. Felldar eru niður aðrar 12 lóðir og sameinaðar í eina stóra, sett eru ákveðin skilyrði fyrir lóðina og fylgir m.a. mat á umhverfisþáttum breytingar með tillögunni. Einnig eru nokkrar lóðir sem skilgreindar voru fyrir dreifstöðvar OR felldar út og möguleiki gefinn á að stækka aðliggjandi lóðir, auk þess er gerð breyting á lóðarstærð við Silfursléttu o.fl., samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 22. október 2019 síðast br. 25. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Mosfellsbær dags. 28. febrúar 2020 og 13. maí 2020, Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi dags. 12. mars 2020 og Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 17. febrúar 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2020.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
6. **Klettháls 13, (fsp) afnot af borgarlandi** (04.346.7) Mál nr. SN200274
Skjalnr. 10748
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
641097-3229 Fönn - Þvottþjónustan ehf., Kletthálsi 13, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 6. maí 2020 ásamt bréfi dags. 6. maí 2020 um tímabundin afnot af borgarlandi austan við núverandi lóðarmörk lóðarinnar nr. 13 við Klettháls, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 6. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2020.
7. **Krókháls 7A, breyting á deiliskipulagi** (04.321.8) Mál nr. SN200191
Skjalnr. 14243
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
591218-1580 Vallarbyggð ehf., Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 26. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7A við Krókháls. Í breytingunni felst að hæðarkóti byggingar er lækkaður til samræmis við Hestháls 14, byggingarreitur 1. hæðar er stækkaður til vesturs og austurs ásamt því að lengjast fjóra metra til suðurs, byggingarreitur 2. og 3.

hæðar lengist til vesturs, nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0.7 í 0.9, aðgengi að 1. hæð verður frá Hesthálsi, aðgengi að 2. og 3. hæð verður frá Krókhálsi o.fl. samkvæmt uppdr. K.J. ARK ehf. dags. 24. mars 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hesthálsi 14, Krókhálsi 5, 5A, 5B, 6, 7, 10 og 12 og Lynghálsi 7.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

8. **Vatnagarðar 12, staðsetning ökutækjaleigu,** (01.337.8) Mál nr. SN200352
endurnýjun á leyfi Skjalnr. 11503
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 3. júní 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Díönu Þyri Einarsdóttur f.h. MyCar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Vatnagarðum 12. Fjöldi ökutækja til útleigu í Reykjavík eru allt að 40 ökutæki. MyCar er einnig með aðgang að stæðum í Kaupþúni 6. Sótt er um endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis er frá 23. júní 2015 til 23. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2020 samþykkt.
9. **Flólagata 7, (fsp) hækkun á þaki** (01.243.6) Mál nr. SN200316
Skjalnr. 14143
160466-3839 Ingi Örn Andrésson, Langabrekka 22, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Inga Arnar Andréssonar dags. 19. maí 2020 um að hækka þak hússins á lóð nr. 7 við Flólagötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 samþykkt.
10. **Breiðholt I, breyting á deiliskipulagi vegna Arnarbakka** (04.6) Mál nr. SN200364
Skjalnr. 7893
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna Arnarbakka. Breytingin fellst í niðurrifi núverandi verslunar og þjónustuhúsnæðis í Arnarbakka 2-6, uppbyggingar íbúða fyrir stúdentagarða með verslunar- og þjónusturýmum að hluta til á 1. hæð auk byggingar húsnæðis fyrir samfélagslega þjónustu og endurbætur á grænu svæði, samkvæmt uppdr. BASALT arkitekta ehf. ódags.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
11. **Breiðholt III, Fell, breyting á deiliskipulagi vegna Völvufells, Drafnarfells og Eddufells** (04.6) Mál nr. SN200365
Skjalnr. 6586
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, Drafnarfells og Eddufells. Breytingin fellst í niðurrifi á leikskólunum Litla Holti og Stóra Holti, uppbyggingar nýs leikskóla með aðkomu frá göngugötu við Drafnarfell auk Völvufells, auk íbúðauppbyggingar fyrir stúdentagarða og sérbyli. Þegar fengnar byggingaheimildir á lóð Drafnarfells 2-18 ofan verslana og uppbyggingarheimildir á lóð Eddufells 2-4 endurskoðaðar, samkvæmt uppdr. Krads ehf. dags. 21. apríl 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

12. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á deiliskipulagi** (01.63) Mál nr. SN200370
Skjalnr. 9008
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
510615-0690 Fasteignafélagið Eyjolfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. júní 2020 ásamt bréfi dags. 10. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Sæmundargötu (lóð A). Í breytingunni felst að sunnan við hús er komið fyrir bílarampa niður í bílakjallara. Í bílakjallara undir nýbyggingu er gert ráð fyrir 73 bílastæðum sem eingöngu eru hugsuð fyrir rafbíla. Samtals er fjöldi bílastæða í bílageymslu neðanjarðar 100 talsins, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 10. júní 2020. Einnig er lagt fram skýringarhefti ódags.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
13. **Hverfisgata 86A, breyting á deiliskipulagi** (01.174) Mál nr. SN200174
Skjalnr. 13707
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 86A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í húsinu úr 1 íbúð í 2 íbúðir, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 13. mars 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
14. **Sólvallagata 23, Nýr bílskúr** (01.162.002) Mál nr. BN056808
Skjalnr. 11282
210178-5979 Brynjólfur Stefánsson, Sólvallagata 23, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr klæddan að utan með timburborðum á lóð nr. 23 við Sólvallagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. janúar 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júní 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2020. Stærð bílskúr er : 36,0 ferm., 111,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Sólvallagötu 18, 20, 21, 22 og 25 og Ásvallagötu 8, 24 og 26.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
15. **Bræðraborgarstígur 1 og 3, (fsp) nýbygging** Mál nr. SN200341
Skjalnr. 6253
520612-0330 HD verk ehf., Dísarási 19, 110 Reykjavík
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 29. maí 2020 um uppbyggingu á milli húsanna á lóð nr. 1 og 3 við Bræðraborgarstíg. Um er að ræða nýbyggingu, kjallara, hæð og ris á lóð nr. 1 við Bræðraborgarstíg, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 26. maí 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

16. **Bræðraborgarstígur 1, (fsp) innrétta íbúðir á 1. hæð** Mál nr. SN200342
Skjalnr. 6253
520612-0330 HD verk ehf., Dísarási 19, 110 Reykjavík
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 29. maí 2020 um að innrétta litlar íbúðir á 1. hæð hússins á lóð nr. 1 við Bræðraborgarstíg, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 26. maí 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Bræðraborgarstígur 3, (fsp) vinnustofur** Mál nr. SN200340
Skjalnr. 12419
520612-0330 HD verk ehf., Dísarási 19, 110 Reykjavík
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 29. maí 2020 um byggingu nýrra vinnustofa á 1. hæð í garðinum á lóð nr. 3 við Bræðraborgarstíg, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 26. maí 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Heiðargerði 24, (fsp) hækkun á þaki, setja kvisti og gera sólstofu** (01.802) Mál nr. SN200317
Skjalnr. 13769
050564-2749 Sigurður Haraldsson, Melgerði 18, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Haraldssonar dags. 11. maí 2020 um að hækka þak hússins á lóð nr. 24 við Heiðargerði og setja kvisti á þakið ásamt því að stækka húsið og gera þar sólstofu. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa 8. júní 2020 samþykkt.
19. **Lynghagi 3, (fsp) rífa bílgeymslu, koma fyrir vinnustofu á lóð o.fl.** (01.555.1) Mál nr. SN200347
Skjalnr. 14282
230168-2969 Torfi Hjartarson, Lynghagi 3, 107 Reykjavík
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Torfa Hjartarsonar dags. 22. maí 2020 um að rífa núverandi bílgeymslu á lóð nr. 3 við Lynghaga og koma fyrir 58 fm. vinnustofu innar á lóð í stað bílgeymslu, lækka jarðveg á baklóð og koma fyrir útgengi úr kjallara í bakgarð, setja svalir á bakhlið 1. hæðar hússins og dýpka svalir á rishæð, samkvæmt uppdr. K.J. ARK slf. dags. 20. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2020.
20. **Dalhús 68, breyting á deiliskipulagi** (02.847.6) Mál nr. SN200314
Skjalnr. 14286
290963-4869 Sigurður Gunnar Sveinsson, Dalhús 68, 112 Reykjavík
Lögð fram umsókn Sigurðar Gunnars Sveinssonar dags. 24. maí 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Húsahverfis vegna lóðarinnar nr. 68 við Dalhús. Í breytingunni felst hækkun á byggingarmagni vegna þegar gerðra breytinga þar sem búið er að taka óútfyllt rými í kjallara í notkun. Einnig er lagður fram uppdr. Túndra arkitektar slf. dags. 12. maí 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018

21. **Kringlan, skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags** (01.721) Mál nr. SN200181 Skjalnr. 7497
- Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing, Kanon arkitekta og VSÓ ráðgjafar dags 18. mars 2020, vegna skipulagsgerðar og umhverfismats "Kringlusvæðisins". Kynning stóð yfir frá 8. apríl 2020 til og með 20. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Borgarsögusafn Reykjavíkur dags. 5. maí 2020, Veðurstofa Íslands dags. 12. maí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 19. maí 2020, Vegagerðin dags. 19. maí 2020, Finnur Magnússon lögmaður f.h. Hús verslunarinnar sf., Kringlunnar 7 húsfélag og þinglýstra eigendur fasteigna í Kringlunni 7 dags. 19. maí 2020, Jón Evar Pálmason og Þórhildur Kristinsdóttir dags. 20. maí 2020, íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 20. maí 2020, María Hjaltalín f.h. íbúasamtaka 3. hverfis dags. 20. maí 2020, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags 20. maí 2020. Veitur dags. 22. maí 2020, íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 27. maí 2020, íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis dags. 29. maí 2020, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins dags. 3. júní 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 30. apríl 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 og er nú lagt fram að nýju.
- Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
22. **Norðurbrún 2, Fjölbýlishús** (13.525.01) Mál nr. BN057719 Skjalnr. 7586
- 510219-1470 Ósvör ehf., Nýhöfn 3, 210 Garðabær
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með 7 íbúðum og verslun í vesturhluta 1. hæðar á lóð nr. 2 við Norðurbrún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.
- Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 26. maí 2020. Stærð, A-rými: 907,1 ferm., 2.773,3 rúmm. Gjald kr. 11.200
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 samþykkt.*
23. **Sóltún 1 - mhl.04, Mánatún 1- Breytingar** (01.230.003) Mál nr. BN057448 Skjalnr. 10982
- BN049895 - glerskáli 07.01*
- 200260-2609 Hermann Óli Finnsson, Mánatún 1, 105 Reykjavík
220964-2729 Helena Sigfúsdóttir, Mánatún 1, 105 Reykjavík
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum glerskála við íbúð 0701 á 7. hæð í fjölbýlishúsi við Mánatún 1, mhl.04, á lóð nr. 1 við Sóltún.
- Stækkun B-rými: 23.7 ferm., 71.6 rúmm. Erindi fylgir fundargerð frá húsfunði Húsfélagsins Mánatúni 1 dags. 4. september 2019 ásamt fylgiskjöllum 1-28, séruppdráttur 1.230.0 dags 18. febrúar 2008, skýrsla húsaskoðunarfulltrúa dags. 2. júní 2020 og uppdráttur Landupplýsingadeildar fyrir Borgartún 26 og Sóltún 1 og 3 dags. október 2007. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. apríl 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. apríl 2020. Gjald kr. 11.200
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
24. **Haðarstígur 14, (fsp) hækkun á þaki, setja kvist og svalir o.fl.** (01.186.623) Mál nr. SN200348 Skjalnr. 13976
- 180574-4689 Berglind Árnadóttir, Haðarstígur 14, 101 Reykjavík
430707-1670 Studio F ehf, Kelduhvammí 6, 220 Hafnarfjörður
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Berglindar Árnadóttur dags. 26. maí 2020 um að hækka mænir hússins á lóð nr. 14 við Haðarstíg og setja kvisti á hvora hlið, setja svalir á 1. hæð hússins, stækka glugga á suðausturhlið í kjallara og endurskipuleggja rishæð, samkvæmt uppdr. Studio F ehf.

dags. 25. maí 2020. Einnig er óskað eftir samþykkt á áður gerðum breytingum á innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð ásamt ísetningu á glugga og hurð sem snýr að garði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 samþykkt.

25. **Laugarásvegur 16, (fsp) stækkun bílskúrs**

Mál nr. SN200307
Skjalnr.

160865-3189 Elías Skúli Skúlason, Laugarásvegur 16, 104 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Halls Kristmundssonar dags. 18. maí 2020 um að stækka bílskúr á lóð nr. 16 við Laugarásveg um tæpa 8 m² til suðausturs, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 18. maí 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

26. **Gefjunarbrunnur 14, (fsp)**

(02.695.4)

Mál nr. SN200256
Skjalnr. 14105

skilmálar/bílastæði

570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafn Hlöðverssonar dags. 27. apríl 2020 um útfærslu á heimildum í gildandi skilmálum deiliskipulags fyrir lóð nr. 14 við Gerðarbrunn er varðar bílastæði. Einnig er lagður fram uppdráttur Mansard - Teiknistofu ehf. dags., 23. apríl 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 samþykkt.

27. **Gerðarbrunnur 1, Einbýlishús**

(50.561.08)

Mál nr. BN057689
Skjalnr. 14281

310784-2499 Þórunn Vilmarisdóttir, Laxatunga 27, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 1 við Gerðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Stærð: 257,4 ferm., 971,9 rúmm. Gjald kr. 11.200

Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

28. **Iðunnarbrunnur 15, Tvíbýlishús**

(02.693.410)

Mál nr. BN057346
Skjalnr.

070376-4829 Reynir Viðar Pétursson, Haukdælbraut 58, 113 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt tvíbýlishús á lóð nr. 15 við Iðunnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.

Stærðir: 273.9 ferm., 951.5 rúmm. Nýtingarhlutfall A-og B-rými: 0.93. Erindi fylgir lóðauppdráttur 2.693.4 dags. 13. ágúst 2018. Gjald kr. 11.200

Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.

29. **Bragagata 25, (fsp) svalalokun** (01.186.2) Mál nr. SN200345
Skjalnr. 6743
150155-3129 Sigríður Berglind Ásgeirsdóttir, Huldubraut 13, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Sigríðar Berglindar Ásgeirsdóttur dags. 3. júní 2020 um að setja glerskýli yfir svalir á efstu hæð hússins á lóð nr. 25 við Bragagötu. Einnig lagðar fram tvær ljósmyndir ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2020 samþykkt.
30. **Hraunberg 4, (fsp) breyting á notkun 2. hæðar hússins** (04.674.0) Mál nr. SN200344
Skjalnr. 6330
590705-0710 I.T.H. ehf, Vesturbergi 123, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ingibjarnar Hafsteinssonar dags. 2. júní 2020 um að breyta notkun um að breyta notkun 2. hæðar hússins á lóð nr. 4 við Hraunberg úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði og gera þar 4. íbúðir. Einnig er lögð fram grunnmynd dags. 29. ágúst 2000.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Laugavegur 50, (fsp) breyting á notkun** (01.173.1) Mál nr. SN200324
Skjalnr. 8232
591297-3689 MÁLSTAÐUR ehf, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
680898-2869 Dómus ehf, Smyrlahrauni 1, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Málstaðar ehf. dags. 27. maí 2020 um breytingu á innra skipulagi jarðhæðar hússins á lóð nr. 50 við Laugaveg og breytingu á notkun, úr verslun í veitingarstað, samkvæmt uppdr./grunnmynd Jóns Guðmundssonar arkitekts dags. 20. apríl 2020. Einnig er lagt fram bréf Hólmfríðar Helgu Jósefsdóttur f.h. Dómus ehf. (Food Tank) dags. 27. maí 2020. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2020 samþykkt.
32. **Brautarholt 4-4A, skipting lóðar** (01.241.2) Mál nr. SN200313
Skjalnr. 9198
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram umsókn V Tólf Fasteigna ehf. dags. 20. maí 2020 varðandi skiptingu lóðarinnar nr. 4 og 4a við Brautarholt. Einnig lagt fram bréf V Tólf Fasteigna ehf. og PKdM Arkitekta dags. 28. apríl 2020 ásamt tillögu ódags. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Bólstaðarhlíð 20, breyting á deiliskipulagi** (01.274.0) Mál nr. SN200109
Skjalnr. 7993
600269-4889 Skóli Ísaks Jónssonar ses., Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 12. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 12. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð, Ísaksskóli. Í breytingunni felst að skilgreina byggingarreit fyrir battavöll á lóð sem er 20 x 13 metrar ásamt því að hækka núverandi girðingu á auðasturhorni lóðar, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 12. febrúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. apríl 2020 til og með 19. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hermann Jónasson dags. 17. maí 2020 og Ingibjörg Halldórsdóttir dags. 18. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

34. **Fjólugata 17, Breytingar inni og nýjar svalir** (11.855.16) Mál nr. BN057708
- sendiráð Noregs Skjalnr. 14285
541070-0879 Norska sendiráðið, Pósthólf 250, 121 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, þannig að tveimur íbúðum í suðurhluta 1. hæðar er breytt í skrifstofur, tveimur snyrtingum breytt í eina, umferðaleiðir breikkaðar til að auka aðgengi, nýjar svalir settar á 2. hæð að norðan verðu, skábraut komið fyrir á lóð og hæðarmunur við inngang jafnaður út á lóð nr. 17 við Fjólugötu.
Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
35. **Njálsgata 36, (fsp) stækkun og hækkan húss** (01.190.2) Mál nr. SN170751
Skjalnr. 11654
090861-3609 Brynjar Harðarson, Langalína 28, 210 Garðabær
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Ásgeirssonar mótt. 10. október 2017 ásamt bréfi dags. 10. október 2017 um að stækka og hækka fremri húsið á lóð á lóð nr. 36 við Njálsgötu og halda bakhúsinu á lóðinni nr. 36b, samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf., dags. 10. október 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. febrúar 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Brynjars Harðarsonar f.h. SV50 ehf. dags. 22. febrúar 2019 þar sem lögð er fram umsókn um uppbyggingu á lóðinni nr. 36 við Njálsgötu. Erindinu var frestað á fundi skipulagsfulltrúa og óskað var eftir að fyrirspyrjandi hefði samband við embættið. Einnig var haft samband við lóðarhafa/umbjóðanda sem var beðinn um að hafa samband við embættið. Samskipti hafa farið fram í gegnum tölvupósta og einnig hefur umsækjandi ásamt umbjóðanda komið á fundi með verkefnastjóra skipulagsfulltrúa og deildarstjóra deiliskipulags á skrifstofu skipulagsfulltrúa. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020. Jafnframt er lögð fram lagfærð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020.
Leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 samþykkt.
36. **Þétting byggðar, ályktun frá íbúasamtökum í vesturhluta Reykjavíkur** Mál nr. SN200373
Skjalnr. 5161
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
680194-3199 Íbúasamtök Vesturbæjar, Hávallagötu 41, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. júní 2020 þar sem ályktun frá íbúasamtökum í vesturhluta Reykjavíkur ódags. varðandi þéttingu byggðar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
Vísað til meðferðar hjá deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:25.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir